
MINNISBLAÐ

Varðar: Norðurþing – ráðgjafakostnaður
Höfundur(ar): Drífa Valdimarsdóttir, fjármálastjóri Norðurþings
Málefni: Ráðgjafakostnaður Norðurþings 2018-2020
Dags: 8.3.2021

Að ósk Hjálmars Boga Hafliðasonar er hér birtur ráðgjafakostnaður Norðurþings fyrir árin 2018-2020.

Kostnaðurinn er niðurbrotinn á bókhaldslykla eftir árum og eru skýringar á helstu breytingum milli ára birtar neðan við töfluna.

Bókhaldslykill nr.	Bókhaldslykill heiti	2018	2019	2020
4310	Lögfræðiþjónusta	24.415.543	4.937.803	4.782.813
4321	Verkfræði- og arkitektþjónusta	10.256.009	9.949.079	9.271.453
4322	Hönnun auglýsinga og fl.	0	372.000	0
4331	Endurskoðun	7.001.640	6.463.190	4.683.487
4332	Rekstrarráðgjöf	0	201.613	0
4341	Þjónustusamningar	20.830.171	41.444.185	59.875.907
4342	Aðkeypt þjónusta	1.988.943	3.898.351	9.138.369
4344	Önnur aðkeypt þjónusta	14.860.633	23.948.442	25.421.216
4345	Aðkeypt kennslustörf	5.711.220	811.790	5.598.937
4349	Fasteignamatsskrá	2.806.496	2.842.009	3.210.068
4390	Önnur sérfræðiþjónusta	16.445.903	20.795.501	23.895.618
4393	Sálfræðiþjónusta aðkeypt	283.420	756.020	2.710.119
4394	Aðkeypt vinna sálfræðings	1.845.050	3.750.131	6.393.620
4398	Önnur þjónustukaup	15.982.907	17.171.875	7.249.701
4990	Önnur þjónustukaup	6.202.436	21.318.275	11.748.601
	Samtals	128.630.371	158.660.264	173.979.909

- 4310 - Lögfræðikostnaður árið 2018 var óvenjuhár vegna uppgjörs við Lögfræðistofuna Landslög nokkur ár þar á undan vegna vinnu við samningagerð og atvinnutengda uppbyggingu á Bakka.
- 4341 - Þjónustusamningar hækka milli ára vegna þjónustusamnings við Menningarmiðstöð Þingeyinga um rekstur bókasafna, sem áður voru rekin innan málaflokks 05 og vegna upptöku viðverkerfisins Vinnustundar. Hækkun verður einnig vegna samnings við Félag eldri borgara á Húsavík.
- 4342 – Aðkeypt þjónusta er eingöngu kostnaður vegna stuðningsfjölskyldna.
- 4344 – Önnur aðkeypt þjónusta hækkar vegna viðverkerfisins Vinnustundar, kostnaðar við jafnlaunavottun, barnavernd, ráðgjafaþjónustu vegna fjárhagsáætlunarvinnu og ráðningaþjónustu.
- 4398 – Önnur þjónustukaup (sérfræðingar) lækka vegna þjónustusamnings við Félag eldri borgara á Húsavík sem nú er færður á 4341 – þjónustusamningar.
- 4990 – Önnur þjónustukaup (iðnaðar-/vélavinna) er vegna þjónustu við hafnsögu hjá Hafnasjóði Norðurþings.